

Ágæti viðtakandi

Selfossi, 3. október 2022
Tilvísun: 2209668

Efni: Meðhöndlun aukaafurða dýra - ABP

Í kjölfar eftirlitsheimsóknar ESA (Eftirlitsstofnun EFTA) nú á vormánuðum og samkvæmt niðurstöðum úr eftirliti Matvælastofnunar hafa komið fram ábendingar um að meðhöndlun á aukaafurðum dýra (animal by-products, ABP) sé ekki alltaf eins og best verður á kosið og í samræmi við reglugerðir.

Í fyrsta lagi er misbrestur á að viðskiptaskjöl séu fyllt út og þau berist til viðtakanda. – [21. gr. reglugerðar EB 1069/2009 (IS 674/2017)], leiðbeiningar er að finna á heimasíðu MAST [<https://www.mast.is/is/annad/aukaafurdir-dyra/aukaafurdir-dyra#formleg-skjol>]

Í öðru lagi er misbrestur á að viðeigandi merking á körum sem notuð eru fyrir ABP séu fyrir hendi og réttar. – [VIII. viðauki EB reglugerðar 142/2011 (IS 674/2017)], leiðbeiningar er að finna á heimasíðu MAST [<https://www.mast.is/is/annad/aukaafurdir-dyra/aukaafurdir-dyra#merkingar>].

Í þriðja lagi eru kör sem ætluð eru til matvælavinnslu notuð jöfnum höndum fyrir flutning á ABP sem valdið getur krossmengun [2. grein í kafla IV, viðauka II EB reglugerð 852/2004; VI kafla í viðauka II EB reglugerðar 852/2004, grein 4 og viðauka II í EB852/2004 og í grein 3 og viðauka III í EB reglugerð853/2004].

Í fjórða lagi eru þess dæmi að matvælafyrirtæki sendi frá sér ABP til annars matvælafyrirtækis eða taki við ABP frá öðrum fyrirtækjum án þess að hafa leyfi til þess. Matvælafyrirtæki mega einungis senda frá sér ABP til starfsstöðvar sem hefur heimild skv. 23. eða 24. gr. reglugerðar EB 1069/2009 (IS 674/2017) til að taka á móti og vinna ABP. Jafnframt mega matvælafyrirtæki ekki taka á móti ABP frá öðrum fyrirtækjum, þar sem matvælafyrirtæki hafa ekki leyfi til að meðhöndla eða vinna annað ABP en fellur til hjá viðkomandi starfsstöð.

Matvælastofnun mun í kjölfar þessa bréfs, m.a. í eftirlitsheimsóknum í starfsstöðvar, vekja máls á og gera athugasemdir við ofangreind atriði. Stofnunin hvetur stjórnendur matvælafyrirtækja til að tileinka sér bestu vinnubrögð í þessum eftirlitum og bæta úr þar sem þörf krefur.

Til og með 31. janúar 2023 munu athugasemdir varðandi ofangreind atriði ekki hafa áhrif á frammistöðumat fyrirtækja. Að þeim tíma liðnum munu athugasemdir í eftirliti við ofangreind atriði mögulega hafa áhrif á frammistöðumat.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Borvaldur H. Þórðarson

